

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps V.-Barðastrandarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. mars 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

11. mars 1981.

Nr. 198.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af legu Norðurlandsvegur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 9. þ. m. staðfest uppdrátt af legu Norðurlandsvegur frá Völlum í Seyluhreppi yfir Héraðsvötn á nýrri brú og að Siglufjarðarvegi í Akrahreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefndum Seyluhrepps og Akrahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 11. mars 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

11. mars 1981.

Nr. 199.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 10. þ. m. staðfest deiliskipulag af „kvosinni“ þ. e. reitnum sem takmarkast af Lækjargötu, Skólalbrú, Pósthússtræti og Austurstræti og eftirfarandi breytingar á staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur þannig:

1. Framlenging Kirkjustrætis í Lækjargötu falli niður svo og götustæðið.
2. Í stað skrifstofu-verslunarbyggðar komi miðbæjarstarfsemi og íbúðarbyggð.
3. Í stað nýtingarhlutfallsins 2.0 komi 2.5 til jafnaðar.
4. Í stað 4—5 hæðir komi 1—5 hæðir.

Uppdrættir þessir hafa hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hafa verið samþykktir af borgarráði Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 11. mars 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.